

Stjórnarfundur Álfavina, haldinn 14.nóvember 2023 á Álfastein kl. 20.

Mætt eru Hugrún Ósk, Lilja, Sandra, Hugrún Pála, Jóhanna, Linda og Jónas. Lilja ritar fundargerð.

1. Jólagjafir. Ákveðið að gefa bækur, samtals 61 barn. Bækur valdar og keyptar. Tvær gerðir af fyrsta orðabókin mín fyrir ljósálfa og álfadeild, og tvær gerðir af sígild ævintýri fyrir dverga og trölladeild.
2. Jólabball. Þótti vel heppnað í fyrra á Melum og ákveðið að athuga með það aftur. Lagt upp með sunnudaginn 3.des kl.15. (*Eftir fundinn kom í ljós að Melar eru ekki lausir þá og ákveðið að hafa það laugardaginn 9.des kl.15*). Þurfum að semja við jólasvein að mæta og kaupa mandarínur, kókómjólk, mjólk og pappaglös og kannski kaffi. Athuga hvort Bergvin geti útvegað smákökur. Fáum jólatré og jólaskraut hjá leikskólanum.
3. Verkaskipting stjórnar. Sandra formaður, Linda gjaldkeri og Hugrún Pála ritari. Í foreldraráði verða Eva og Sunna en rest stjórnarliða í foreldrafélagi.
4. Senda aðalfundargerð og tilkynningu á Hörgársveit vegna hækkunar gjalds í foreldrafélag sem var ákveðið á aðalfundi, Lilja tekur það að sér.
5. Umræða um leiksýningu á leikskólann, það verður athugað eftir áramót eftir því sem fjárhagur leyfir, einnig mögulega að taka þátt í tannverndardeginum aftur með tannburstum.
6. Rætt um starfið á leikskólanum og styttingu vinnuvikunnar hjá starfsfólki. Mikilvægt að það komi ekki niður á starfi leikskólans og gæðum þess.

Fundi slitið kl. 22.